

V. Seglfesta o. fl.

55

1. apríl

Seglfestu má ekki taka í landi bæjarins annarstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir. Eigi má kasta út seglfestu á höfninni, nje heldur flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Eigi má kasta út aptur akkerum eða öðrum áhöldum eða leyfum af skipum, sem slætt er upp á höfninni, heldur skal flytja slíka muni í land og afhenda lögreglustjóra til löglegrar meðferðar.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1905 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 1. apríl 1905.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Útdráttur

56

23. marz

úr fundargjörð sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu á aðalfundi 13.—18. marz 1905.

26. Samkvæmt fyrirætlum amtsins í brjefi dags. 9. marz f. á. ákvað sýslunefndin, að meðalmeðlag af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum í hverjum hreppi sýslunnar frá 14 maí 1904 til jafnlengdar 1909 sje hæfilegt 40 kr. á ári.

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Húnavatnssýslu 23. marz 1905.

Gísli Ísleifsson.

Breyting

57

10. apríl

á reglugjörð fyrir Norðurisafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.
15. marz 1897.

I.

1. málsgrein 2. gr. orðist svo:

Haust hvert í nóvember skal lækning fram fara á öllum hundum í sýslunni.

10. apríl

Úr 4. gr. falli orðið »kamala« burt.

Breyting þessi er samkv. 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890, gjörð og samþykkt af sýslunefnd Norðurlisafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 3.—5. þ. mán. og öðlast gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 10. apríl 1905.

Magnús Torfason.

26. maí

Auglýsing

um staðfesting á reglugjörð um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

Sýslunefndin í Kjósarsýslu hefir eptir löglegan undirbúning samkvæmt lögum 19. febrúar 1886 um friðun á laxi samið eptirfarandi

reglugjörð

um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

1. grein.

Um næstkomandi 5 ár, frá 1. júní 1905 að telja, má aðeins viðhafa stanga-veiði fyrir lax í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi, en engin net nota á neinn hátt.

2. grein.

Þjóðist leigendur að veiðinni í báðum ánum til stangaveiði um eitt eða fleiri ár á þessum tíma, þá skal leigunni skipt á hina einstöku hluta ána og milli hinna einstöku jarða þannig:

- a. Hinni svonefndu samveiði, það er Laxá frá flæðarmáli upp að Laxfossi og í þeim fossi sjálfum, ber 55 %.
- b. Pollveiðinni, það er frá Laxfossi upp að ármótum Laxár og Bugðu, ber 10 %.
- c. Bugðu, það er frá áðurnefndum ármótum upp að Meðalfellsvatni, ber 15 %.
- d. Laxá, það er frá áðurnefndum ármótum fram í Þórufoss, ber 20 %.

Milli hinna einstöku jarða, sem veiðirjett eiga í hinum áðurtöldu ýmsu hlutum ána, skiptist leigan sem hjer segir:

- a. Af samveiðinni í Laxá beri Reynivöllum $\frac{2}{6}$, Laxárnesi $\frac{2}{6}$, Nedra-Hálsi $\frac{1}{6}$ og Valdastöðum $\frac{1}{6}$ hluti.
- b. Af Pollveiðinni beri Laxárnesi $\frac{3}{4}$, en Valdastöðum $\frac{1}{4}$ hluti.
- c. Eptir Bugðu á þann hátt, að Meðalfellum beri $\frac{2}{3}$, en Káranesjunum $\frac{1}{6}$ og Laxárnesi $\frac{1}{6}$ hluti.